

**Sp.**

## **702. Nefndarálit**

um till. til þingsályktunar um heimild handa ríkisstjórninni til kaupa á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

Till. var vísað til fjárveitinganefndar 24. f. m. Nefndin ræddi málið á fundi næsta dag og samþykkti að leita álitis stjórnar Útvegsbanka Íslands h/f í málinu. Nefndinni barst bráðlega svofellt álit, er bankaráð og framkvæmdastjórn Útvegsbankans höfðu einróma samþykkt á sameiginlegum fundi 26 f. m.:

„Stjórn Útvegsbanka Íslands h/f telur rétt, að athugað verði, á hvern hátt ríkið gæti leyst inn til sín öll hlutabréf bankans, sem ekki eru ríkiseign, og mælir því með, að samþykkt verði á Alþingi ályktun, er heimili þessar framkvæmdir.“

Á fundum fjárveitinganefndar 5. og 6. þ. m. var mál þetta enn rætt. 4 nefndarmanna, þeir BjB, HelgJ, PHerm og ÞÞ, vilja afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, en meiri hluti nefndarinnar, þeir EmJ, JJ, PO, SEH og SK, lítur hins vegar svo á, að sanngirni mæli með því, að viðleitni sé sýnd í þá átt að rétta hlut þeirra manna, sem mestan þegnskap sýndu með framlögum sínum, þegar Íslandsbanki hætti störfum, að svo miklu leyti sem fært þykir, og það því fremur, þegar tillit er tekið til þess, að hinir, sem ekki lögðu fram neitt af innstæðum sínum í bankann í þessu skyni, hafa í engu misst, hvorki hvað vexti eða höfuðstól snertir.

Að sjálfsögðu er til þess ætlað, að ríkisstjórnin gæti allrar varfærni í allri meðferð þessa máls og í mati á verðgildi hlutabréfanna.

Að þessu athuguðu leggur meiri hluti fjárveitinganefndar til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

### **BREYTINGU.**

Tillögregreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs af hinum upprunalegu eigendum eða erfingjum þeirra, ef þess er óskað, hlutabréf þau í Útvegsbanka Íslands, er keypt voru með hluta af sparisjóðs- og innlánskírteina-innstæðum í Íslandsbanka, þegar hann hætti störfum, við því verði, er stjórnin telur hæfilegt, að athuguðum öllum málavöxtum um verðmæti bréfanna.

Alþingi, 6. júní 1941.

Pétur Ottesen,  
form.

Emil Jónsson,  
fundaskr.

Sigurður E. Hlíðar,  
frsm.

Sigurður Kristjánsson.

Jónas Jónsson.